



# Bjarni Benediktsson til Jakobs Möllers og Ólafs Thors

---

Bjarni Benediktsson – Jakob Möller - Ólafur Thors

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jakob Höller

12. jan. 1945.

Kæri vinur!

Gleðilegt ár og þakka þér innilega fyrir líðnu árin.

Eg er búinn að senda umsókn um þegarfégetaembættið á Akureyri, og vona að Ólafur Thors sjái svo til, að mér verði veitt embættið. Eg sendi þér eftirrit af bréfinu til Ólafs. Blessaður brýndu að "fyrir". Frá byrjun hefir mig langað til að verða yfirvald. Það er ekkert leyðaræði. Síðan samt-  
mannsembættin og síðar landritarsambættið voru lögð niður, er ekkert eftirlit haft með sýslunáttum og þegarfégetum landsins. Þeir eru taldir ágætis embættissæmi ef þeir aðeins innheimta tollana og skattana fyrir ríkissjóð. Lengur er ekkert skift sér af, hvernig yfirvöldin afgreiða málin gegnvert almenningi, hvernig honum er sinnt, eða úr málu hans greitt. Ógurlegasti traassakapur í embættisfarslu er meira að segja viðurkenndur og marg verðlaunadur af því epinbera, og slíkum mánnum stillt upp fyrir almenningssjónir, sem hreinustu fyrirmyndum og til eftirbreytni í lífinu. Eg þekki yfirvöldin í sýslu og bæ. Eg þekkti t.d. yfirvald, sem gengdi starfi sínu milli 30 og 40 ár. Maður að skipti aldrei þá. Tók held ég aldrei fyrir lögreglumál, drökurðaði vart nokkra sinna í sveitarstjórnarmálum, stakkyfirhöfnuð öllum kærna og kvörtunum fæðifólkinu undir stól, svo að enginn fékk framgeugt sínum málu, að úr því skorid, hvað væri rétt eða rangt, hafði málin árum saman undir dómi, antidateraði dóma eða hvað þá aldrei upp. Allt var í hinum mesta ólestri. Þessi maður var gerður að riddara af Fálkaorðunni rétt áður en hann lét af embætti. En átti sem hann léttaf embætti, skipaði hið epinbera hann/setudómara í landmerkjanáli. Það gekk vel að sekja málið og verja, og innan árs var það lagt í dóm. En svo leið ár af ári og ekki kem dómurinn. En þegar málið var búið að vera 8 ár undir dómi, tók sekjandannum að leiðast þófið. Hann skoraði ár setudómarann að ljúka dómsuppsögn í málinu. En þá tilkynnti dómurinn honum, að því niður væru öll skjöl málsins glötuð og ekki hægt að kveða upp dóm. En á sama ári var gamla yfirvaldið gert að stór-  
riddara án stjórnu.



12. jan. 1945.

- 2 -

Ég hefi heyrt talað um annað yfirvald, embættisfærslan hjá því er víst ósköp lík. Minnsta kosti er sá dómari búinn að hafa mál, sem ég sótti fyrir rétti hjá honum, undir dómi nú hátt á annað ár, og mér er ómögulegt að fá dóminn.

Ef ég yrði gerður að yfirvaldi, mundi ég hafa fullan hug á að geta skyldu minnar betur en þetta. Enda mundi mér það vissara. Ég er í engum þeim félagsskap, sem mundi líða slíkt, né hjálpa mér til framans eftir sem áður. Ég lét þess getið að annar þessi maður er háttsettur Oddfellow, en hinn Frímúrari. Mér finnst, að gaman væri ef góðir menn getu minnst manns, sem réttláts lögreglustjóra og yfirleitt góðs yfirvalds - minnst manns sem þess yfirvalds, sem afgreiddi málin jafnt eftir kröfu sem ex officio, heyrði það undir yfirvaldið að útkljá um atriðið jafnskjótt og það kæmi honum til vitundar.

Blessaður beittu nú áhrifum þínum og stuðlaðu að því eftir megni, að þeir veiti mér embættið. Láttu Ólaf standa við sín loforð. Það má ekki líða fyrirmyndunum Sjálfstæðisflokksins að iðuleiða hér ítalskt siðferði hvað stjórnmalaleg loforð smertir, hvort sem það er í minni eða stærri stíl. Orðheldni og árengskapur mun stíð reynast bezt, en lausmælgir og svik hafa upplausn í för með sér og hefna sín grimmilega.

Ég hefi skrifað þeim Pétri Magnússyni og Bjarna Benediktssyni, og skorað á þá að fylgja mér að málum. Þú ræðir málið við alla þessa menn. Ég veit að það þarf að leggja fast að Ólafi til að fá hann til að standa við loforðin.

Dinn einl.



11. jan. 1945.

Hr. forsætisráðherra  
Ólafur Thors,  
R e y k j a v í k.  
-----

Kæri vinur!

Glæðilegt ár og þakka þér fyrir gamla árið og fyrir síðast.

Ég hefi sótt um bæjarfógetaembættið á Akureyri, þegar það losnar, nú sennilega í byrjun marsmánaðar. Ég treysti því fastlega að mér verði veitt embættið samkvæmt gömlum loforðum, og þú gerir allt sem í þínu valdi stendur, til að svo verði gert. Ég vil enn á ný minna á bréf mín til miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins, hið fyrra dags. 25. nóv. 1937, og hið síðara dags. 22. apríl 1940. Þar er málið skýrt og rétt rakið. Ég vil minna þig á, að vorið 1937, þegar þú skrapst hingað norður til að jafna hver yrði frambjóðandi fyrir Sjálfstæðisflokkinn, og finna ráð til að halda öllu saman, lofaðir þú því blátt áfram f.h. miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins, að mér skyldi veitt bæjarfógetaembættið á Akureyri þegar það losnaði, ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði þá stjórnarlega aðstöðu til að geta það. Ég dró mig til baka, og við sigruðum í kosningunum, og nú dylst engum, að flokkurinn hefir svo sterka aðstöðu í stjórn landsins, að hægt er að efna þetta. Ég hefi skrifað alþingismanni Sigurði Hlíðar og minnt hann á eftirfarandi úr bréfi mínu til miðstjórnarinnar, dags. 22/4 1940:

"Þegar hr. alþingismaður Sigurður Hlíðar kem heim af Alþingi í árslok 1937, kallaði hann mig fyrir sig og færði mér þau skilaboð frá formanni Sjálfstæðisflokksins, núverandi atvinnuáráðherra Ólafi Thors, að mér mundi verða veitt á næstunni bæjarfógetaembættið á Akureyri. Bæjarfógeti Sigurður Eggerz mundi segja af sér, en líkur væru til, að sjálfstæðismenn myndu brátt fá þau áhrif í stjórn landsins, að hægt væri að tryggja



11. jan. 1945.

mér veitingu fyrir embættinu þegar það losnaði. Ég lét mér þetta vel líka og fannst þá, sem bæði formaður Sjálfstæðisflokksins og miðstjórnin mundu vilja mér allt vel, og við þau loforð atti að standa, sem mér höfðu verið gefin."

Nú hefi ég skorað á alþingismanninn að sjá um að þetta yrði efnt, en ég hvorki blektur né brotin á mér aðstu loforð.

Haustið 1942 bauð fyrverandi fjármálaráðherra Jakob Möller að veita mér skattþómaraembættið og var það með fullu samþykki þínu. Ég tók embættið að mér, en um leið tjáði ég ykkur, að ég héldi fast við að mér yrði síðar veitt bæjarfógetaembættið á Akureyri í stað þessa embættis, ef það losnaði meðan Sjálfstæðisflokkurinn hefði stjórnaraðstæðu til að veita það. Þetta staðfesti ég með bréfi til þín sem forsætisráðherra, dags. 22. ágúst 1942, og í bréfi til fjármálaráðherra Jakobs Möller, dags. 11. okt. 1942.

Samkvæmt öllu þessu geri ég tilkall til að mér verði veitt bæjarfógetaembættið nú þegar það losnar, enda tel ég mig hafa öll skilyrði til að geta veitt embættinu forstöðu, bæði hvað þekkingu, dugnað, lífsreynslu og allt manngildi snertir, og treysti ég því nú fastlega, að ekki verði brotin á mér loforð, og bið þig og aðra góða menn að muna, að í ítrustu lög er ávalt best að halda gefin loforð, ella þverr traustið, en það hefir í för með sér að samheldnin slitnar og friðurinn rofnar.

Ég trúí því ekki, fyrr en ég tek á, að það sannist á helstu mönnum Sjálfstæðisflokksins, að þeir unni engum manni, sem kominn er beint úr alþýðustétt, að rá gott og virðulegt embætti, nema hann sé þá eitthvað sérstaklega klíkubundinn, eða mægður gömlum og rótgrónum auð- og embættismannafjölskyldum, hversu vel sem hann kann að vera af guði gerður. En því miður finn ég, að á þessu álití bryðdir hjá mörgum ungum og efnilegum menntamönnum, en ég mun sem Njáll, láta segja mér það þrisvar, að slíkt hafi við hinn minstu rök að



11. jan. 1945.

- 3 -

styðjast, og ég óska að ekki þurfi að benda á mig sem áþreifanlegt dæmi.

Frá því ég var ungur, hefi ég ávalt haft mikinn áhuga fyrir stjórnmálum og gefið mig töluvert við þeim. Ég játa, að það var ekki af góðu gert, að ég dró framboð mitt til baka 1934, <sup>og 1937</sup> Ég stóð þá uppi eigna- og atvinnulaus með þungt heimili, en svikinn af mínum eigin flokksbræðrum. Heimilinu varð ég fyrst og fremst að sjá farberða. En illa hefi ég verið blektur og vélaður, ef þakkirnar fyrir það að draga mig til baka og vernda frið og samhelmi innan flokksins, eiga aðeins að vera vanefnadir og brotin loforð. Þá segi ég forsætisráðherra góður eins og þar stendur: "Fari þá hver sinn forlaga veg, en fyrir svikum þú deyrd sem ég."

Ég get ekki fellt mig við þetta embætti, sem ég hef. Það er eitt af gerfiembættunum, sem Framsókn bjó til og atlaði sínum gæðingum. Það er ekkert notað og ekki hægt að beita sér neitt í því. En það er mannskemmandi að taka há opinber laun á bezta aldri fyrir lítið starf. Ég finn líka vel, að áður en lagt um líður, verður þessu embætti breytt, eða lagt niður. Réttast væri af mér að segja því þegar lausu, en fjárhags- og afkomulega á ég bág með það, því nú hefi ég hett fyrri störfum - málferslunni- og fæ mig vart til að fara leggja hana fyrir mig aftur, enda kunní ég henni ávalt illa, sem mun hafa stafað af því, að ég hafði frá loknu skólanámi aðeins gengt opinberum störfum, en á skólaárum mínum rak ég útgerð jafnhliða náminu.

Þér finnst nú ef til vill að ég hafi talað nokkuð strítt hér að framan, en það er sakir þess, að mér fannst þú taka mér nokkuð fálega um daginn, þegar ég minntist á þessi mál, en það tek ég fremur sem meínlause stríðni af þinni hálfu, heldur en það sé alvara að brjóta loforð á mér og drengskap og unna mér ekki að hafa fulla samd af málunum.

Kærar kveðjur,

Þinn einl.